

Hr. Ólafur Erlingsson  
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

Hafnarfirði 22. maí 2001

Stjórn Kirkjugarðs Hafnarfjarðar hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn um tilfærslu Reykjanesbrautar suður fyrir garðinn og þykir full ástæða til að vísa í ákvæði 6. greinar “Laga um kirkjugarða, greiftrun og líkbrennslu nr. 36, 4. maí 1993”, en þar stendur:

*„Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki, sem frá stafar hávaði eða ys, í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.“*

Það fer ekki á milli mála að fyrirhugað vegstæði Reykjanesbrautar mun liggja óþægilega nálægt nýlegri Kapellu og Garðhúsi Kirkjugarðs Hafnarfjarðar. Það er afar mikilvægt að brautinni verði fundinn staður eins fjarri þessum húsum og kostur er því lega hennar á þessum viðkvæma stað mun án nokkurs vafa valda verulegu ónæði.

Í Kapellunni fara iðulega fram kistulagningar og jarðarfarir, sumar hverjar í kyrrþey. Á slíkum stundum verða syrgjandi aðstandendur að njóta algers friðar og kyrrðar eins og gefur að skilja. Þetta eru viðkvæmar stundir og það er ljóst að aukin umferð svo nærri þessum helga stað mun hafa mikla truflun í för með sér.

Stjórninni þykir mjög miður að Reykjanesbrautin komi til með að liggja svo nærri kapellunni og telur að fyrirhuguð framkvæmd orki mjög tvímælis. Eðlilegra hefði verið að breikka brautina á sínum upprunalega stað eða ganga enn lengra og grafa göng undir Öldur og eystri Ásfjallsóxl, eins og bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar hafa lagt til við Vegagerðina.

Allt bendir til þess að hávaði muni aukast verulega ef til framkvæmda kemur við nýja Reykjanesbraut. Slíkur hávaði mun eðli málsins samkvæmt valda ýmiskonar röskun á helgi garðsins. Það verður að vera tryggt að væntanlegum verktökum verði gert skylt að taka fullt tillit til þeirra athafna sem fara munu fram í Kapellunni að ekki sé minnst á þær greiftranir sem fram fara í garðinum. Það mun ekki verða liðið að sprengingar, fleygun eða vinnsla með borum og aðrar hávaðasamar framkvæmdir eigi sér sér stað á slíkum stundum. Tryggja verður að verktakar hlýti þessum eðlilegu umgengnisreglum við þá sem erindi eiga í garðinn á slíkum stundum, t.d. með sérákvæðum í útboðsgögnum.

Þá er fyrirhuguð stækkun Kirkjugarðs Hafnarfjarðar til austurs og norðurs í uppnámi vegna vegtenginga mislægra gatnamóta Kaldárselsvegjar og Reykjanesbrautar. Aðreinabelti með tilheyrandi vegslaufum mun slíta í sundur gamla garðinn og nýjan garðhluta austan Kaldárselsvegjar þegar u.þ.b. 100 metra breytt bil myndast milli þeirra við tilfærslu vegarins. Það er skýlaus krafa stjórnar KGH að allt verði gert til að tryggja öruggt aðgengi almennings að báðum garðhlutum og komið verði í veg fyrir slyshættu með gerð ganga undir Kaldárselsveg eða göngubrú yfir hann.

Helgunarsvæði væntanlegrar brautar mun skerða byggingarlóð Kirkjugarðs Hafnarfjarðar og þykir stjórninni rétt að ítreka að lengi hefur staðið til að reisa Grafarkirkju sunnan Garðhússins. Hafa samþykktar teikningar kirkjunnar legið fyrir hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar um árabíl.

Á undanförunum árum hafa vegaframkvæmdir þrengt mjög að garðinum og rýrt bílastæði hans og almennt aðgengi. Þegar göng voru gerð undir Reykjanesbrautina við Kaldárselsveg var vegtengingu við bílastæðin norðan garðsins fórnað svo stæðin hafa ekki komið að neinu gagni eftir það. Með væntanlegri slaufutengingu Kaldárselsvegur við nýja Reykjanesbraut munu bílastæðin sunnan garðsins fara sömu leið og falla út. Þessi stæði hefur KGH kostað að öllu leyti og krefst stjórnin þess að Vegagerðin bæti tjónið og útbúi ný bílastæði fyrir gesti garðsins, KGH að kostnaðarlausu og sjái til þess að aðgengið verði bætt að fullu. Til greina kemur að krefjast skaðabóta vegna þeirrar miklu röskunar sem eiga mun sér stað í garðinum og á næsta nágrenni hans í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir og áskilur stjórnin sér fullan rétt til að sækja slíkt mál á hendur Vegagerðinni.

Þegar til lengri tíma er litið er mjög mikilvægt að Reykjanesbrautinni verði komið þannig fyrir í landinu í námunda við KGH að sem minnstur umferðahávaði berist til garðsins eða Kapellunnar, án þess að skerða landrými garðsins. Þetta verður helst tryggt með því að grafa brautina djúpt í jörðu, með því að útbúa hljóðmanir, hljóðeinangrandi veggir eða með öðrum þeim ráðum sem Vegagerðin telur sig ráða yfir til að lágmarka hávaðamengun af völdum umferðar á þessari hraðbraut.

Reyndar væri æskilegast að til þessara framkvæmda kæmi alls ekki, hvorki nú eða í náinni framtíð, enda stangast þær á við 6 gr. Laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36, eins og fram kemur í upphafi þessa bréfs.

Virðingarfyllst



Jónatan Garðarsson  
stjórnarformaður Kirkjugarðs Hafnarfjarðar

**Heilsugæslustöðin Sólvangi  
Hafnarfirði.**

Hafnarfirði, 23.05.'01.

*Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen*

*b.t. Ólafs Erlingssonar*

*Ármúla 4*

*108 Reykjavík.*

**Erindi: Ábendingar varðandi umhverfisáhrif.**

*Heilsugæslustöðin Sólvangi vill hér með koma með ábendingar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Reykjanesbraut um Hafnarfjörð.*


*Á Sólvangsvegi 3, í húsi Öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar er rekin heilsugæslustöð þar sem starfandi eru 10 manns. Starfsemin er í eðli sínu mjög viðkvæm gagnvart hávaða og tryggja þarf góðan aðgang að húsinu.*

*Á Sólvangsvegi 2 er einnig rekin heilsugæslustöð þar sem starfa um 40 manns. Móttaka er frá kl. 8 - 20 og um helgar. Komur að þessum tveimur stöðvum er um 300 manns á dag.*

*Með ósk um farsælan framgang.*

Með kveðju

*Kristín Pálsdóttir*

 Kristín Pálsdóttir  
**HEILSUGÆSLUSTÖÐIN**  
SÓLVANGI  
framkvæmdastofa  
Pósthólf 440 • 222 Hafnarfjörður

**Ólafur Erlingsson**

**From:** Magnús Porkelsson [maggi@flensborg.is]  
**Sent:** 29. maí 2001 08:23  
**To:** olafur@vst.is; Magga Þórisd.  
**Subject:** Með tilvísun til Reykjanesbrautar

Með tilvísun til bréfs yðar 1999,218 dags 2001-05-17 þá vill stjórn Hverfafélags Setbergs og Mosahlíðar fá að koma eftirfarandi á framfæri: Stjórnin gerir ekki athugasemdir við þá upptalningu sem þegar er fram komin á hjálögðu blaði. Aftur á móti vill stjórnin benda á það að mikilvægt er að skoða annars vegar hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á meðan á henni stendur, bæði vegna hávaða og einnig vegna titrings og hins vegar hvaða áhrif það muni hafa á húsnæðisverð í hverfinu, sérlega meðfram brautinni að það er fyrirsjáanlegt að hún muni taka a.m.k. tíu ár frá því hún fer í umhverfismat og þar til henni lýkur (með lokun o.s.frv.). Þetta er ekki síst vegna þess að á aðalfundi Hverfafélagsins í gær kom fram hjá fulltrúum skipulagsnefndar og bæjarfulltrúa einum mikill meiningarmunur hvað þessar tímasetningar varðar.

Með bestu kveðju  
Magnús Porkelsson.  
fulltrúi í stjórn

--

MUNDU <http://www.thehungersite.com>

=====  
Magnús Porkelsson maggi@flensborg.is  
Aðstoðarskólameistari/Vice-principal Sími/phones: +354-565 0400  
Flensborgarskóla, (secondary school) +354-8614856  
box 240, IS-222 Hafnarfjörður, Island. maggith@ipulse.oz.com  
<http://www.ismennt.is/not/maggi> Myndbréf/fax: +354-5650491  
<http://www.flensborg.is> Heimasími: +354-5654856  
SH: <http://www.toto.is/felog/sh/> og <http://sh.is>

=====  
The best way to escape from a problem is to solve it (Alan Saporta)

=====  
Vinnur tölvan þín betur ef þú tekur hana úr sambandi? En heilinn?  
Látum vímuefni vera...




Ólafur Erlingsson  
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.  
Ármúla 4  
108 Reykjavík


23. maí 2001  
Snr. 3241/BS

**Efni: Reykjanesbraut um Hafnarfjörð. Ábendingar varðandi tillögu að matsáætlun.**

Vísað er til bréfs dags. 17. maí sl. þar sem óskað er ábendinga um hvað eigi helst að fjalla um í væntanlegri matsskýrslu vegna framkvæmda við Reykjanesbraut. Náttúruvernd ríkisins vill benda á að fram þarf að koma hvernig gagna verði aflað og hver framsetning þeirra verður. Einnig þyrfti að gera grein fyrir meðferð þess efnis sem til fellur við framkvæmdina, svo sem væntanleg haugstæði, nýting efnis ofl. Náttúruvernd ríkisins hefur ekki annað fram að færa varðandi "Drög að kaflaskiptingu" á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst

  
Arni Bragason  
forstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

N á t t ú r u v e r n d r í k í s í n s

**Pórhildur Guðmundsdóttir**

---

**From:** Ólafur Erlingsson  
**Sent:** Wednesday, 30 May, 2001 2:43 PM  
**To:** Pórhildur Guðmundsdóttir  
**Subject:** FW: Reykjanesbraut um Hafnarfjörð



Verkfrst\_Sig\_Thor\_05.  
doc

-----Original Message-----

**From:** jong@hs.is [mailto:jong@hs.is]  
**Sent:** 30. maí 2001 10:59  
**To:** olafur@vst.is  
**Subject:** Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

Góðan daginn

Ég sendi hér bréf Hitaveitu Suðurnesja hf vegna Reykjanesbrautarinnar í Hafnarfirði, teikningin sem vísað er til er í vinnslu og verður send ykkur strax og hún verður tilbúin.

Með bestu kveðju  
Jón G. Hermannsson

(See attached file: Verkfrst\_Sig\_Thor\_05.doc)

HITAVEITA SUÐURNESJA Í HAFNARFIRÐI  
Hverfisgötu 29 220 Hafnarfirði  
Sími 565 2935

Hafnarfirði 30. maí 2001

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.  
b.t. Ólafs Erlingssonar  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

**Varðar: Reykjanesbraut um Hafnarfjörð – mat á umhverfisathugun.**

Í framhaldi af bréfi ykkar dags 17. maí sl. Þar sem óskað er eftir samráði og ábendingum um hvað eigi helst að fjalla um í matsskýrslu, viljum við benda á að það sem helst viðkemur Hitaveitu Suðurnesja hf í Hafnarfirði (áður Rafveita Hafnarfjarðar) eru strenglagnir sem liggja á nefndu svæði.

Á þeim stað sem rætt er um, liggja aðal fæðistrengir til Hafnarfjarðar, sem liggja að Aðveitustöð okkar við Öldugötu og eru þeir með 132.000 volta spennu. Strengirnir liggja samhliða Reykjanesbrautinni frá Ásbraut að Öldugötu í um 22 til 27 metra fjarlægð frá syðri brún Reykjanesbrautar. Vegna mikilvægi þessara strengja þá viljum við benda á að vegna vinnu nálægt strengjunum verður að sýna mjög mikla aðgæslu og þar sem Reykjanesbrautin kemur til með að þvera 132 kV strengina, verður að skoða sérstaklega hvernig það verður leyst. Hugsanlega má leysa það með því að hafa strengina í góðri dýpt, ( 2,0 til 2,5 m ). Á öðrum stöðum eru 12 kV háspennustrengir á nokkrum stöðum og sést lausleg staðsetning þeirra á meðfylgjandi upprætti HS nr. RB1-10

Á kaflanum frá Kaplakrika að undirgöngum sunnan Lækjargötu munum við væntanlega þurfa að leggja nýja strengi m.a. í stað strengja sem liggja vestan brautarinnar ásamt hitaveitulögnum sem væntanlega verða að víkja fyrir brautinni.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til að veita allar nánari upplýsingar um legu strengjanna eftir því sem þörf krefur og óskum jafnframt eftir góðu samstarfi vegna þessa verkefnis.

Virðingarfyllt

f.h. Hitaveitu Suðurnesja hf  
í Hafnarfirði

---

Jón G. Hermannsson, svæðisstjóri

Meðf. teikning HS nr. RB1-10

**Ólafur Erlingsson**

---

**From:** Björn Pétursson [bp@hafnarfjordur.is]  
**Sent:** 30. maí 2001 16:45  
**To:** olafur@vst.is  
**Subject:** Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

Sæll Ólafur

Fyrir skömmu barst mér bréf frá Þórhildi Guðmundsdóttur þar sem beðið var um ábendingar vegna gerðar matsskýrslu vegna framkvæmdar við Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Formlegt svar mun berast þér í bréfi á næstu dögum en innihald þess er eftirfarandi:

Sá hluti framkvæmdar þessarar er snýr að Byggðasafni Hafnarfjarðar varðar minjavörslu en lögum samkvæmt þarf fornleifaskráning að fara fram áður en framkvæmdir hefjast. Umrætt svæði hefur ekki verið skráð og því þarf sú skráning að fara fram áður en lengra er haldið. Ljóst er þó að ekki er um neinar fornleifar að ræða á stærstum hluta svæðisins en á þeim kafla er afmarkast af Kaldárselsvegi og þeim stað er vegurinn kemur aftur inn á núverandi vegastæði fyrir ofan Hvammana er möguleiki á minjum. Við lauslega könnun á þessu svæði kom í ljós að þar eru m.a. leifar gamalla garða og jarðhúsa auk fleiri hugsanlegra minja.

Virðingarfyllt  
Björn Pétursson  
Byggðasafni Hafnarfjarðar

---

Björn Pétursson  
Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar  
Netfang: bp@hafnarfjordur.is

---

Byggðasafni Hafnarfjarðar  
Strandgata 50  
220 Hafnarfjörður  
S: 565 5420  
Fax: 565 5438  
Netfang: museum@hafnarfjordur.is

---



Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.  
Ármúli 4  
108 Reykjavík.

00.80 PS/ps Garðabær 30.5.2001

**Efni: Reykjanesbraut um Hafnarfjörð – Tillaga að matsáætlun.**

Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur borist erindi Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf dags. 17. maí s.l. þar sem óskað er samráðs og ábendinga um þætti sem fjalla mætti um í matskýrslu um *lagningu Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð*.

Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið til umfjöllunar erindi verkfræðistofunnar ásamt meðfylgjandi drögum að kaflaskiptingu fyrir tillögu að matsáætlun. Eftirlitið telur, með vísan í umrædda kaflaskipan, að áætlunin ætti að ná vel utanum hugsanleg umhverfisáhrif við áætlaðar framkvæmdir. Ábendingar eftirlitsins beinast að köflum í fjórða hluta áætlunarinnar, *Mat á umhverfisáhrifum – vistun*, og fjalla um þætti sem hugsanlega eru ekki þegar komin inn í matsvinnuna.

Ábendingar heilbrigðiseftirlits:

**4.3 Vatnafar**

- a. Lækur, sem er útrás frá Urriðakotsvatni, fellur að hluta til meðfram Reykjanesbrautinni. Fiskur er í læknum. Gæta þarf sérstaklega í hönnun og við skipulag framkvæmda að líf í læknum skaðist ekki.
- b. Gera þarf grein fyrir afrennsli af Reykjanesbrautinni. Vatn af Reykjanesbraut í Mjódd verður leitt í settjarnir. Sama hlýtur að gilda um svæðið við Lækinn.

**4.9 Samgöngur**

- a. Hönnun á mannvirkjum þarf einnig að ná til gangandi og hjólandi umferðar. Þá er bæði vísað til að tryggja þurfi öryggi slíkrar umferðar og að hún sé í ásættanlegri hljóðvist, þ.e. ekki ofan í umferðinni.
- b. Hönnun þarf að falla að þörfum almenningsgangna.

**4.11 Hljóðvist**


- a. Gera þarf ítarlega grein fyrir væntanlegum hávaða og mótvægisáðgerðum. Hætt er við að hávaði frá Reykjanesbraut muni aukast og er þó þegar mikill í húsum við Álfaskeið og Sólvangsveg. Með mótvægisáðgerðum, t.d. með hljóðmönnum, skermun meðfram vegi og milli akgreina eða með því að grafa Reykjanesbraut niður s.s. mótsvið Álfaskeið og Sólvangsveg er hægt að draga verulega úr hávaða í nærliggjandi íbúðabyggð. Umhverfismat ætti að tryggja að ýmsir kostir við hávaðavarnir væru skoðaðir.



- b. Við mat á umhverfihávaða og ákvörðun á mótvægisáðgerðum þarf sérstaklega að taka tillit til efri hæða blokka við Álfaskeið og Sólvangsveg. Óvíst er að hljóðmanir koma íbúum þar að nokkru gangni. Því er mikilvægt að skoða hvort betri hljóðvarnir náist með því að grafa brautina lengra niður eða hvort grípa þurfi til annarra mótvægisáðgerða s.s. með breytingum á gluggum (þreföldun glerja) og á opnanlegum fögum.

Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á mikilvægi góðs umhverfismats við boðaða framkvæmd því það telur að ákveðins kvíða gæti hjá hluta íbúa sem búa næst væntanlegri framkvæmd um hver verði áhrif hennar á þeirra umhverfi. Fullyrða má að með vönduðu umhverfismati og tilheyrandi kynningu megi upplýsa almenning um hvernig tekið verði á þessum umhverfismálum ásamt öryggismálum og þannig náist betri sátt um framkvæmdina.

Virðingarfyllt,  
f.h. heilbrigðiseftirlits,



Páll Stefánsson,  
Heilbrigðisfulltrúi.



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
**BÆJARSKIPULAG**

25.5.2001  
Tilvísun 573

b.t. Ólafs Erlingssonar  
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

**Erindi : Tillaga VST að matsáætlun fyrir Reykjanesbraut um Hafnarfjörð, dags. 17. maí 2001.**

Ekki verður betur séð en að yfirskriftir í efnisyfirliti nái yfir þá flesta þætti sem ber að skoða og að hægt verði að bæta við undirköflum, ef sú þörf kemur upp í við gerð matsáætlunar.

Í kafla 2.2 -Tilhögun mannvirkja, er óskað eftir að fjallað verði um hjólaleiðir, annað hvort sem sér undirkafli eða með gönguleiðum sem þá hétu; Gönguleiðir og hjólaleiðir.

Áhersla er lögð á að í kafla 2.5 – Aðrir kostir, verði fyrirhugaður vegur ofan byggðar, oft nefndur Ofanbyggðarvegur, metinn sem valkostur við Reykjanesbrautina, sbr. 9. kafli í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015.

Í nágildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er sérstök bókun um Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð, þar sem skilgreiningu á vegflokki og aðalskipulagi fyrir Reykjanesbraut er frestað. Auglýst verður breyting á aðalskipulagi hvað þetta varðar. Æskilegt væri að gera grein fyrir þeirri breytingu í kafla um skipulag og að kynningarferill mats á umhverfisáhrifum og breyting á aðalskipulagi eigi sér stað samhliða. Í kafla 3. - Samræmi við skipulag, er því ástæða til að hafa annars vegar sér undirkafli um aðalskipulag og hins vegar um aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir.

Virðingarfyllt

  
Háfdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri



Olíufélagið hf

Fylgiskjal 11

Reykjavík, 20. maí 2001.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.,  
b.t. Ólafs Erlingssonar,  
Ármúla 4,  
108 Reykjavík.  
[olafur@vst.is](mailto:olafur@vst.is)

### **Tillaga að matsáætlun vegna Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð:**

Olíufélaginu hf. hefur borist bréf Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (VST), dags. 17. maí 2001, um tillögu að matsáætlun skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Reykjanesbraut um Hafnarfjörð.


Um leið og móttaka framangreinds bréfs er staðfest, þá vill Olíufélagið hf. strax gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir, ef þær ganga eftir eins og þeim er lýst í framangreindu bréfi. Bréf VST er fyrsta formlega erindið sem félaginu berst vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Reykjanesbraut.

Ef kynnt byggingaráform ganga eftir, þá eru dagar bensín- og þjónustustöðvar Olíufélagsins hf. að Lækjargötu 46, Hafnarfirði, á samnefndri eignalóð, taldir. Hér er um stærstu þjónustustöð félagsins að ræða, ef litið er til lítrasölu í fljótandi eldsneyti. Fyrirhuguð áform hafa væntanlega í för með sér eignanám eignarlóðar og tilheyrandi mannvirkja Olíufélagsins hf. með tilheyrandi eignarnámsbótum, þar sem sérstaklega verður krafist skaðabóta vegna tapaðs hagnaðar í framtíðinni sem nýtt skipulag svæðisins kemur til með að valda. Rétt er að skipuleggjendur hafi það atriði í huga, þegar endanlegri tillögu um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar, að því er tekur til legu Reykjanesbrautar, verður valið form og umfang.

Olíufélagið hf. lýsir yfir sérstökum áhuga á, að reynt verði að finna Reykjanesbrautinni farveg í gegnum Hafnarfjörð, þannig að áhrif verði sem minnst á starfsemi félagsins að Lækjargötu 46, Hafnarfirði. Er þess vænst, að a.m.k. í kafla matsskýrslunnar nr. 2.5.2. verði rækilega fjallað um aðrar útfærslur, sem hugsanlega kæmu ekki eins illa við starfsemi Olíufélagsins við Lækjargötu og væntanleg aðaltillaga. Jafnframt er óskað eftir við bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar, ef óhjákvæmilega verður að leggja af starfsemi félagsins að Lækjargötu 46 í óbreyttu formi, að starfsemi félagsins verði fundnir nýir staðir í Hafnarfirði, þannig að hagsmunum félagsins verði borgið.

Um leið og framangreindum athugasemdum er komið á framfæri, þá treystir Olíufélagið hf. að fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar nánar fyrir fyrirsvarsmönnum félagsins eftir því sem framkvæmdaáform skýrast.

Virðingarfyllst,  
f.h. Olíufélagsins hf.

  
Stefán Guðbergsson, framkv.stj.

Afrit sent:  
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, og Skipulagsstofnun.

Hafnarfjörður 03.06.2001

Verkfræðistofa  
Sigurðar Thoroddsen hf.  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

B.t. Ólafur Erlingsson

Sæll Ólafur

Þakka þér fyrir bréf þitt til Aðalstjórnar FH dags. 17. maí s.l. Mér þykir miður að hafa ekki sent þér svar fyrr en nú. En þannig er að við sem erum í störfum fyrir íþróttahreyfinguna, gerum það nær eingöngu í sjálfboðavinnu, og þurfum stundum að láta lifibrauðið ganga fyrir áhugamálinu.

En allt um það, þá hefur Aðalstjórn FH mikinn skilning á því, að bæta þurfi umferðar mannvirki, þar sem umferð er slík sem er á núverandi Reykjanesbraut. Og Aðalstjórn FH mælir eindreigið með því að úrbætur verði gerðar hið fyrsta.

Á þeirri teikningu sem fylgdi með bréfi þínu, sýnist mér að skerðing verði á núverandi svæði félagsins í Kaplakrika. Sé það réttur skilningur, þá hefur FH nú þegar komið því á framfæri við bæjaryfirvöld, og skipulagsdeild bæjarins að það getur félagið ekki sætt sig við. Á ársþingi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar var samþykkt einróma stuðningsyfirlýsing við þetta sjónarmið okkar, og henni komið á framfæri til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Kaplakriki er nú þegar of lítt fyrir starfsemi félagsins, og verði skerðing á svæðinu kemur það til með að hamla starfsemi þess verulega. Við höfum því marg oft óskað eftir því að niðurgrafin Reykjanesbraut verði sett í lokaðan stökk, og teljum að til þess höfum við stuðning bæjaryfirvalda í Hafnarfirði.

Við höfðum verið fullvissuð um að nokkur ár yrðu þar til hafist yrði handa við framkvæmdir við Reykjanesbraut og Fjarðarhraun við Kaplakrika. Það er nú staðfest með bréfi ykkar. En sjálfsagt þurfið þið að skila fullfrágengnum teikningum fyrir alla framkvæmdina nú áður en hún er endanlega samþykkt.

Að lokum óskum við eftir því að fulltrúar ykkar komi í heimsókn til okkar Kaplakrika, og sýnið okkur á vettfangi, hvort og hvernig ný lega Reykjanesbrautar skerðir íþróttasvæðið okkar.

Með von um góðar undirtektir,  
Virðingarfyllst,

Gunnlaugur Magnússon  
Formaður FH

**Ólafur Erlingsson**

**From:** Magnús Ó Einarsson [magnus.o.einarsson@vegagerdin.is]  
**Sent:** 18. júní 2001 09:13  
**To:** Jónas Snæbjörnsson; VST: olafur erlingsson  
**Subject:** Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

Framsendi athugasemd frá íbúum vegna mats á umhverfisáhrifum í Hafnarfirði.  
 Kveðja Magnús  
 ----- Forwarded by Magnús Ó Einarsson/RNE/Vegagerdin on  
 18.06.2001 09:11 -----

"vidar" <vss@heimsnet.is> on 15.06.2001 01:04:51

To: <me@vegagerdin.is>  
 cc: <kristinn@hafnarfjordur.is>

Subject: Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

Kæri viðtakandi.

Samkvæmt tillögu að matsáætlun, er fullyrt að fyrir huguð breyting á Reykjanesbraut sé gerð til að þjóna Hafnfirðingum fyrst og fremst sjá kafla 1.2 og 1.6.2.

Ég leyfi mér að efast um að þetta eigi við rök að styðjast og í framhaldi af því fer ég fram á að fullyrðingar sem fram komu í ofangreindum köflum verði kannaðar nánar og að sérstaklega verði tekið tillit til þungaflutningabíla s.s. vörubifreiða, olíubifreiða og fólksflutningabifreiða. ATH Reykjanesbrautin er eina samgönguleiðin við Keflavíkurflugvöll.

Í matsáætlun er fjallað um að væntanleg Reykjanesbraut verði niðurgrafin og vegstokkar verði 5,0 m á hæð. Hvað verður vegurinn sjálfur mikið niðurgrafinn ef miðað er við núverandi legu lands t.d. við Mosahlíð?

Í dag veldur umferðin miklu ónæði íbúa í Kinnahverfinu og er það vel skiljanlegt, en vandamál Kinnahverfis verður að vandamáli íbúa Mosahlíðar, er það réttlátanlegt?

Persónulegt mat.

Það var trú mín sem íbúi í Hafnarfirði að bæjaryfirvöld hefðu á sínum tíma fallið frá fyrirhugaðri framkvæmt við Reykjanesbraut, þar sem ofangreind framkvæmd mætti mikilli andstöðu bæjarbúa.

Nú þegar er búið að auglýsa húsnæði í Efstuhlíð til sölu sem hægt er að rekja beint til fyrirhugaðrar framkvæmda. Ég sem íbúi í Hafnarfirði tel að það sé ekki forsvaranlegt að kljúfa Hafnarfjarðarbæ í tvennt með væntanlegum framkvæmdum, þegar önnur nágretta bæjarfélög eru að reyna að finna lausn á umferð í gegnum þéttbýlissvæði s.s. Selfoss og Borgarnes. Eina raunhæfa lausnin til fólksflutninga og þungaflutninga fyrir aðra en Hafnfirðinga er að framkvæmdum við fyrirhugaðan ofanbyggðarveg verði hraðað og að fallið verði frá fyrirhuguðum framkvæmdum á Reykjanesbraut frá Álftanesvegi að Áshverfi.

Mín tilfinning er sú að verði ráðist í fyrirhugaðar breytingar á Reykjanesbraut mun framkvæmdum við svo kallaðan ofanbyggðarveg ýtt út af teikniborðinu.

Vegamál er pólik og jarðgangnagerð víðsvegar um landið mun að öllum líkindum verða forgangsverkefni næstu áratugina.

Kveðja.  
 Rikard Thorstensen

Sigríður Steinunn Sigurðardóttir  
Efstuhlíð 33  
220 Hafnarfjörður.



**Ólöf Rós Káradóttir**

---

**From:** Helga Stefánsdóttir [HelgaS@hafnarfjordur.is]  
**Sent:** Tuesday, July 03, 2001 9:45 AM  
**To:** Ólafur Erlingsson (E-mail); ork@vst.is  
**Subject:** FW: matsáætlun Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

-----Original Message-----

From: Kristinn Ó Magnússon  
 Sent: 3. júlí 2001 09:16  
 To: Helga Stefánsdóttir (E-mail)  
 Subject: FW: matsáætlun Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

-----Original Message-----

From: Ari Óskar [mailto:arioskar@simnet.is]  
 Sent: 17. júní 2001 23:55  
 To: Kristinn Ó Magnússon  
 Subject: matsáætlun Reykjanesbraut um Hafnarfjörð

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við matsáætlun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð. Athugasemd er gerð við sameiningu veglínu á nýrri Reykjanesbraut við stöð 11200, þ.e. fyrir ofan Stekkjarhvamm, fjarlægð byggðar frá veglínu og ekki hefur verið gerð athugun á hljóðstigi meðfram

Reykjanesbraut fyrir ofan byggðina við Stekkjarhvamm. Núverandi byggð við Stekkjarhvamm er víðast innan við 2 metra frá Reykjanesbraut, farið er fram

á lagfæringar þar á.

Hvers vegna er ofanbyggðarvegur ekki inni í myndinni?

Hvaða kannanir liggja að baki því að hann yrði lítið notaður, geta forsendur ekki hafa breyst í því tilviki?

Hvaða athuganir eða könnun liggur á bak við þau rök að 80% af umferð í gegnum Hafnarfjörð sé umferð til Hafnarfjarðar? Ef ferðamenn árið 2015 verða 1 milljón eins og spár benda til eru þá 80% þeirra á leið til Hafnarfjarðar?

Ólöf Sigurlín Kristinsdóttir  
 Stekkjarhvammi 12  
 220 Hafnarfjörður